

Helgi Þorláksson

Þjóðleið hjá Brekku og Bakka Um leiðir og völd í Öxnadal við lok þjóðveldis

1. Í sögu Guðmundar dýra í Sturlungu segir að hann hafi verið, "einn hinn mesti höfðingi af þeim er honum voru samtíða".¹ Þetta er ekki skrum eitt enda var samin sérstök saga um Guðmund. Samt hefur hann ekki verið hugstæður Íslendingum á 19. og 20. öld eins og sumir samtímamenn hans, td. Jón Loftsson og Hvamm-Sturla eða biskuparnir Þorlákur og Guðmundur góði. Fólki hefur kannski veist erfitt að skilja mann sem var friðsamur og seinþreyttur til vandræða, eftir því sem fram kemur í sögu hans, en brenndi þó inni höfuðandstæðing sinn og rak aðra úr héraði. Guðmundur gekk í klaustur að unnum þessum afrekum og hefur verið haft fyrir satt að þangað hafi hann leitað, kraminn á sál, vegna hryðjuverka, kvennafars og annarra synda sem erfitt taldist að bæta fyrir (sjá ma. xxxi). Almennt er litið á sögu hans sem varnarrit, réttlætingu brennunnar. Svo er að sjá sem þetta megni ekki að vekja áhuga og umhugun lesenda Sturlungu almennt, vafalítið vegna þess að saga Guðmundar virðist vera ósamfelld, aðeins þættir eða safn til sögu hans, og veitist þess vegna erfitt að átta sig á gjörðum höfðingjans dýra og tilganginum sem fyrir honum vakti.

2. Hvers konar heimild er Guðmundar saga dýra? Þótt hún sé vafalaust varnarrit, er hún ein hin merkasta heimild um tímabilið 1185-1200 og lýsir margumtöludum valdasamruna betur er aðrar heimildir. Sagan hefst þegar goðorð austan Öxnadalshéiðar og um Svarfaðardal og Fljót eru enn á höndum margra goða, átta alls, og sýnir hvernig þau safnast á hendur fárra og að lokum komast þau á hendur eins manns. Enginn vafi er á því að Guðmundur átti drýgstan skerf í þessari valdasamþjöppun; hér verður sýnt að tilgangur hans muni hafa verið að mynda héraðsríki, að hætti Oddaverja og Haukdæla. Þessi tilgangur Guðmundar blasir ekki við lesendum Guðmundarsögu af því að höfundur vikor aldrei orðum að honum, beinir athyglinni að öðru og villir mönnum þannig sýn.

Magnús Jónsson hélt fram að Guðmundarsaga sé safn til sögu og eigi sér ekki höfund í venjulegum skilningi.² Hér er þó hiklaust talað um

¹ Guðmundar saga dýra, sbr. *Sturlunga saga*. Útg. Jón Jóhannesson ofl. I (1946), bls. 160-212, sbr. II, xxx-xxxii. Eftirleiðis verður vitnað til þessarar útgáfu með tölum í svigum; rómversku tölurnar tákna ritgerð Jóns í öðru bindi um Sturlungu og þar eru ummæli sögunnar um Guðmund (xxx-xxxii) en þeim er sleppt í meginmáli.

² Sagan sé þættir sem hafi verið safnað í ákveðnum tilgangi en ekki felldir vel saman, sjá *Guðmundar saga dýra* (Studia Islandica 8 (1940)). Jón Jóhannesson sýndi að samfella er í þáttum sögunnar, þrátt fyrir ósamræmi; hún sé því verk eins manns en reyndar

höfund enda varla vafamál að einn maður hefur fjallað um sögu Guðmundar í heild, annað kemur vart til greina, til þess eru samkenni einstakra söguhluta of mörg. Missmíði alls kyns og misfellur valda hins vegar heilabrotum og er skynsamlegast að líta svo á að höfundur hafi aldrei lokið verki sínu, hafi átt eftir að fella efnið betur saman. En reyndar er erfitt að meta þetta nákvæmlega, ma. vegna þess að safnandi Sturlungu kann að hafa rjáláð eitthvað við textann.

3. Var Guðmundur dýri eins konar friðardúfa í hópi hauka? Að hverju stefndi hann með friðarviðleitni sinni? Innreið hans í Íslandssöguna er glæsileg, hann kom á friði í stórdeilu fyrimanna, svonefndu Helgastaðamáli, árið 1187, og var þá nýlega orðinn goðorðsmaður, að bróður og bróðursyni látnum. Hér kom fram maður sem bar sáttarorð á milli stríðandi fylkinga, réð málinu til lykta og hafði af því mestan sóma. Stjarna hans skein skært, honum var gefið Fljótamannagoðorð og hafði auk þess að meðferð ættargoðorð sitt. Sagan segir:

Nú þótti höfðingjum ærinn uppgangur Guðmundar dýra. Gerðist hann þá fjölmennur. Hann hafði af tekið Vaðlaþing. Skyldi þar eigi sóknarþing heita. Þótti honum þar verða stórdeilur sem á alþingum (170).

Átt er við að Guðmundur dýri hafi afnumið vorþingið sem halda skyldi árlega að Vöðlum í Eyjafirði, þann hluta þess sem sneri að málsóknum.³ Alveg er óljóst hvaða vald Guðmundur hafði til að gera þetta.⁴ Höfundur sögunnar lætur líta svo út að í þessu hafi birst friðarviðleitni Guðmundar. Á hitt er hins vegar að líta að þing voru vettvangur fyrir menn til að setja niður deilur. Og á vorþingum, svo sem á Vöðlum, fóru goðar með mál þingmanna sinna sem áttu í deilum, sóttu kannski og vörðu af heift og létu ófriðlega. Vinir beggja reyndu svo að koma á sáttum sem gat dregist á langinn. Guðmundur vildi afstýra slíku þrefi með því að afnema þingið. Í staðinn skyldu bændur sem áttu í þrætu væntanlega leita beint til hans, hann var til þess búinn að koma á sáttum með þeim og setja niður deilur eins og hann gerði í Helgastaðamáli. Sennilegt er að hann hafi hugsað að þar með yrðu aðrir goðar óþarfir.

hálfkarað (xxx-xxxii). J. Simpson færði frekari rök að því að sagan sé höfundarverk, sbr. Samfeilan í Guðmundar sögu dýra. *Skírnir* 134 (1960), bls. 152-76.

³ Hinn hluti vorþings var skuldaþing, þar sem menn greiddu skuldir og ákváðu verðlag. Sóknarþingið mun hafa verið hjá Eyrarlandi en skuldaþingið etv. í Kaupangi og kann að hafa verið slutt til Gása þar sem Guðmundur hélt sig löngum.

⁴ Lúðvík Ingvarsson telur það þó ljóst, Guðmundur hafi hlotið hið gamla goðorð Þveræinga og Fljótamannagoðorð hafi verið frá Möðruvellungum komið. Hann miðar við að einungis hafi verið þrjú goðorð í Vaðlaþingi og þriðja goðorðið hafi verið í eigu Grundarmanna. Þannig hafi Guðmundur haft tvö af þremur goðorðum og þess vegna getað lagt af þingið. Skrýtið er að goðorð ættmenna á Möðruvöllum fremst í Eyjafirði skuli flytjast norður í Fljót í Skagafríði. Skýringu Lúðvíks fylgir sú tilgáta að goðorð Öndundar og Hrafnagilsmanna hafi verið þingeysk, eins og goðorð Þorvarðar Þorgeirssonar. Þetta virðist hugsanlegt en rök eru ekki sterk, sbr. *Goðorð og goðorðsmenn* III (1987), bls. 446-614. Björn M. Ólsen taldi Fljótamannagoðorð hafa verið í Hegranesþingi, sjá Um Sturlungu. *Safn til sögu Íslands* III (1902), bls. 233-4.

Ekki er dregin upp fögur mynd af höfuðandstæðingi Guðmundar dýra, Önundi Þorkelssyni; honum er lýst sem ójafnaðar- og yfirgangsmanni, eins og fleiri andstæðingum Guðmundar, og Jón Jóhannesson bætir því við að þeir virði hvorki landslög né guðslög (xxxí). Guðmundur brenndi Önund loks inni í Lönguhlíð í Hörgárdal (nefndist síðar Skriða) og ætlast höfundur væntanlega til að lesandi skilji þann veg að hinn friðsami Guðmundur hafi vart átt annars úrkosti en ryðja þessum andstæðingi sínum úr vegi, svo mjög sem hann hafði misboðið honum. Þolinmæði Guðmundar var þrautreynd og hann sat meðan sætt var. Hið undarlega gerðist hins vegar að Guðmundur lét ekki staðar numið, hann sneri geiri sínum að Þorláki Ketilssyni á Grund og linnu ekki látum fyrir en hann hafði flæmt hann úr héraði og náð Grund undir sig. Þorlákur var í beinan karlegg af hinni gömlu ætt Esphælinga, sem kunnir eru úr Víga-Glúms sögu, og mun sennilega hafa átt goðorð sem föðurbróðir hans, Ólafur Þorsteinsson í Saurbæ, fór með á árum Helgastaðamáls. Höfundur skýrir ekki beint þetta háttalag Guðmundar.

Framkoma Guðmundar við Grundarmenn bendir til að það sé ekki ofbeldi og yfirgangur Önundar sem sé aðalskýring þess að Guðmundur brenndi hann inni heldur pólitískur metnaður Guðmundar sjálfs. Átök þeirra Önundar minna á samskipti Snorra goða og Arnkels eins og þeim er lýst í Eyrbyggju, Snorri neytir færís að ryðja andstæðingi sínum úr vegi til að geta fært út ríki sitt. Arnkell hefur í raun ekkert til saka unnið annað en að standa í vegi fyrir metnaði Snorra. Snorri Eyrbyggju hagar sér eins og Guðmundur, stefnir að því að ráða einn í héraði og sver sig í ætt við stórgoða um 1200 og framan af 13. öld, minnir reyndar mest á Snorra Sturluson.⁵

Guðmundarsaga lýsir framkomu Önundar ekki alltaf fagurlega en þó verður ekki séð að hann hafi beitt Guðmund yfirgangi og ofbeldi, beint og persónulega. Átökin milli þeirra eru dæmigerðar ýfingar tveggja goða sem reyna að auka metorð sín og virðingu á kostnað hins. Um þetta snerist pólitísk samkeppni goða, skert virðing jafngilti færri þingmönnum og þá um leið minna fylgi og minni völdum. Átökin snúast jafnan um að rétta hlut þingmanna sinna og er þá oftast fylgt leikreglum *feud* sem hefur kallast blóðhefnd á íslensku en ég leyfi mér að nefna fæðardeilu. Hana hef ég skilgreint svona:

Fæðardeila (e. *feud*) stendur milli tveggja einstaklinga eða hópa. Deilan getur sprottið af lítilfjörlegu tilefni en heiður manna býður þeim að bregðast við harkalega og fæð verður mikil. Árekstrar verða með mönnum og deilan verður að fæðardeilu þegar ofbeldi verður í verki og er beitt til skiptis. Megineinkenni er að ofbeldi er takmarkað, menn gjalda líku líkt en venjulega fer ofbeldið þó vaxandi. Komi til hefndarvíga, má tala um blóðhefnd (e. *blood-feud*). Í fæðardeilu skiptir upphaflegt deiluefni æ minna máli, fæðin veitir ný og brýnni tilefni til hefnda. Metnaður deilenda

⁵ Helgi Þorláksson, Snorri goði og Snorri Sturluson, *Skírnir* 166 (1992), bls. 295-320.

bannar þeim að koma á sáttum sín á milli og verða að koma til afskipti þriðja aðila svo að deilendur sættist. Ofbeldið birtist einkum í því að eignum er spillt, skepnum misþyrmt eða menn eru særðir.⁶

Í Íslendingasögum beinist athyglin einkum að átökum milli höfðingja (goða), fæðardeilan milli þeirra tekur venjulega langan tíma og er sfendurvakin.⁷ Goðum tókst jafnan að koma á varanlegri sátt í fæðardeilum bænda en erfiðara var að koma á sáttum milli þeirra sjálfra og tilefni til endurtekinna deilna gáfust stöðugt.

Ekki get ég séð annað en framkoma Önundar í fæðardeilum við Guðmund hafi verið alveg í samræmi við það sem við mátti búast af goða í pólitískri samkeppni.⁸ Málin komu upp hvert af öðru og voru leyst eftir að takmörkuðu ofbeldi hafði verið beitt. Þetta var aðeins það sem var að vænta í samfélagi án konungsvalds. Ekki mun hafa verið gert ráð fyrir að goðar yfirbuguðu andstæðinga sína og ryddu þeim úr vegi, málið snerist um að endurheimta skertan heiður á kostnað andstæðingsins. Þannig gat togstreita, eða fæðardeila, milli goða staðið áratugum saman.⁹

Fæðardeila Guðmundar og Önundar stóð ekki lengi, í tíu ár, og þeir voru mas. bandamenn árið 1192, samkvæmt sögunni (175), enda sóttu þeir feðgar, Önundur og Þorfinnur, fast að sáttarnefndi hlýti dóttur Guðmundar, sem varð, líklega 1192. Samkvæmt sögunni neyddu feðgarnir Guðmund til að samþykkja gjaforðið þegar hann var fáliðaður heima og er það ekki sannfærandi frásögn (178). Í Guðmundar sögu Arasonar "hinni elstu" (=A) segir að þeir Guðmundur dýri og Önundur hafi ætlað saman að Ögmundi sneis til að ráða niðurlögum hans árið 1196 en frændur beggja, þeirra Guðmundar dýra og Ögmundar, komið í veg fyrir það.¹⁰ Ögmundur sneis skyldi taka við goðorði af Þorvarði Þorgeirssyni, föður sínum. Ekki segir frá þessu bandalagi í Guðmundar

⁶ Sjá nánar um þetta í grein minni Hvað er blóðhefnd? *Sagnþing helgað Jónasi Kristjánssyni* (1994), bls. 389-414. Ég miða fæðardeilur ekki við víg eða blóðsúthellingar eingöngu (blóðhefnd í þröngum skilningi) né geri hópa að frumskilyrði og stend nærri Jesse Byock í hugmyndum um þetta.

⁷ Sjá td. rækileg skrif Jesse Byocks um Arnkel goða og Snorra í Eyrbyggju og Brodd-Helga og Geiti í Vopnfirðingasögu, *Medieval Iceland*, bls. 183-220.

⁸ Þótt Önundi sé lýst sem hörkutóli, merkir það ekki að Guðmundur sé neinn öðlingur (sbr. td. 201-2, 212).

⁹ Átök milli Glúms og Esphælinga eiga að hafa staðið í fjóra áratugi skv. Glúmu; loks gerði Glúmur sig sekan um morð og þótti þá forsvaranlegt, en ekki fyrir, að flæma hann frá Þverá. Samkvæmt Vopnfirðingasögu misbauð ójafnaðarmaðurinn Brodd-Helgi keppinaut sínum, höfsmanninum Geiti, og það svo mjög að þingmenn Geitis settu honum stóllinn fyrir dymar, hann brygðist næst við þegar Helgi gerði honum ósóma eða þeir flyttust sjálfir brott úr héraði. Geitir aflaði sér stuðnings annarra höfðingja, sat síðan fyrir Helga og felldi hann og Lýting son hans. Geitir naut samúðar samfélagsins og varð ekki illa úti fyrir gjörðir sínar. Höfundur Guðmundar sögu vill vafalaust að við sjáum Guðmund í hlutverki Geitis en afnáam vorþings og brottrekstur Þorláks á Grund gerir það erfitt.

¹⁰ Þetta mun vera sótt í Prestssögu Guðmundar, sbr. *Guðmundar sögur biskups I*. Stefán Karlsson bjó til prentunar (Editiones Arnarnagnænae. Series B, vol. 6. 1983), bls. 85-6, clii. *Biskupa sögur I* (1858), bls. 447-8.

sögu dýra (180-81) og er þó engin ástæða til að efast um að þetta sé rétt. Virðist saga Guðmundar dýra gera meira úr ágreiningi þeirra Önundar en efni stóðu til.

Árið fyrir brennuna (1196-7) aðhafðist Guðmundur ekkert, að sögn sögu hans, til að rétta hlut sinn í deilum þeirra Önundar og endurheimta skertan heiður; hann fór ekki til mannfunda í eitt ár "og þurru mjög metorð hans" (185). Hið beina tilefni brennunnar var venjuleg fæðardeila, heldur smá í sniðum (mál Runólfs snúinbrýna). Guðmundur gerði hins vegar fátt eða ekkert til að verja sæmd sína. Menn Önundar hæddust að þessu, sögðu Guðmund sitja á friðstóli og líktu honum við kollótta á, þjakaða af uppdráttarsýki, eftir því sem sagan hermir. Slíkt háð í garð þess sem sýndi veikleikamerki var í samræmi við venjur í fæðarsamfélögum. En Önundur sagði: "Það má vera að hann sitji um stund. En ef hann ris upp, þá er eigi víst hve lítt hann stígur fram" (187). Samkvæmt þessu hefur Önundur grunað að Guðmundur væri aðeins að gefa mönnum hans færi á sem mestu háði til að geta síðan réttlætt grimmilega hefnd sína. Þeir hafa verið að safna glóðum elds að höfði sér, í eiginlegum skilningi. Guðmundur brenndi Önund inni, þorfinnur, tengdasonur Guðmundar, komst í kirkju, skaðbrenndur, og dó þar; aðrir fimm féllu fyrir eldi og vopnum. Þetta var greypileg hefnd og í ósamræmi við venjur hins íslenska fæðarsamfélags.

Að skoðun Nútímaíslendinga hefur ekkert getað réttlætt brennuna. Trúarskálidið góða, Kolbeinn Tumason, sem var að brennunni með Guðmundi, virðist hins vegar hafa haft nokkra velþóknun á henni; honum er eignuð vísa í Guðmundarsögu þar sem fram kemur að lymskufullir menn hafi legið Guðmundi á hálsi fyrir skapferli (bleyði) en nú hafi hann heldur betur sýnt kjark með brennunni. Kolbeinn er kannski aðeins að segja að röskleg hefnd hafi verið tímabær. Þar sem menn Önundar fóru með háð og spé um bleiði Guðmundar, var honum líklega nauðugur einn kosturinn að hefna þess rækilega eða þykja minni maður ella. En höfundi sögunnar mun hafa þótt nóg um hversu langt Guðmundur gekk og lýsir brennunni sem skelfilegum atburði. Stundum er til þess jafnað að liðin munu hafa verið 187 ár frá Njálsbrennu en þá höfðu menn síðast verið brenndir inni af ásettu ráði, eftir því sem talið hefur verið.¹¹ Fræðimenn hafa ímyndað sér að fólki hafi almennt ofboðið Önundarbrenna. Höfundi Guðmundarsögu mun að vísu hafa þótt alveg nóg um en hins vegar voru íkveikjur ekki fátíðar á 13. öld, í þeim tilgangi að brenna menn inni eða flæma út. Má vera að brennur hafi ekki þótt eins skelfilegar í sjálfum sér og almennt hefur verið talið en afar háar sektir, sem Guðmundur hlaut, sýna að hann þótti ganga ærið langt í hefnd sinni. Mun það mála sannast að Guðmundur fór út fyrir öll þau mörk sem eðlileg töldust í ildeilum goða, hefur ekki þótt hafa nægilegt tilefni til slíkrar geipihefndar þótt Kolbeinn léti vel yfir.

¹¹ Farið er eftir ummælum Jóns Jóhannessonar (xxx). Reyndar er getið um brennu í Saurbæ 1172 (annálar) og mun hafa verið íkveikja.

4. Í löndum þar sem konungsvald var sterkt bar lítt eða ekki á slíkum smáskærum sem hér eru nefndar fæðardeilur. Konungsvald snerist jafnan gegn þeim og boðaði frið. Í stað sífelldra fæðardeilna með takmörkuðu ofbeldi og sáttum kom friður sem studdur var með lögsöknum, framkvæmd dóma og beinni aðild konungsvalds að öllum vígsmálum.

Við lok 12. aldar áttu Íslendingar þess kost að velja milli hins gamla kerfis með mörgum smágoðum sem nærðust á fæðardeilum í pólitískri samkeppni og nýs kerfis þar sem einn maður ríkti eins og konungur á afmörkuðu svæði og setti niður allar deilur manna. Þetta síðarnefnda fyrirkomulag komst á í Rangárpíngi, Árnespíngi og í Skagafirði fyrir lok 12. aldar. Þessi héruð urðu nú héraðsríki undir stjórn eins höfðingja sem kvað á um takmörk ríkis síns og lýsti yfir að allir bændur innan takmarkanna væru þingmenn sínir, hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Sampingsgoðar voru ekki lengur til, allar deilur milli þeirra voru úr sögunni og þar með hið takmarkaða ofbeldi. Vorþing lögðust af eða voru haldin óreglulega, stórgoðinn beindi deilendum heim til sín og skar þar úr deilumálum þeirra.

Ekki er betur vitað en menn hafi almennt notið friðar í héraðsríkjum við lok 12. aldar, svo sem í Rangárpíngi, Árnespíngi og í Skagafirði en á sama tíma geisðu smáskærun á svæðum þar sem goðar voru margir eða ekki naut eins "sterks" goða, svo sem í Borgarfirði, í Dölum, á Vestfjörðum, í Húnaþingi og í Eyjafirði. Eftir þessum mun hlýtur almenningur að hafa tekið.

Héraðsríki, með einum "sterkum" goða, hafa líklega átt nokkurn hljómgrunn og það er einfaldast að skýra framtak Guðmundar að leggja af Vaðlaþing í ljósi þessa. Hann gekk til samstarfs við Ásbirninga í Skagafirði (Kolbein Tumason) og var tekinn inn í bandalag þeirra með Haukdælum, Svínfellingum og Sighvati Sturlusyni. Þetta var sterkt bandalag og hefur væntanlega stutt Guðmund í þeirri viðleitni hans að ná öllum völdum í Eyjafirði. Markmið Guðmundar var greinilega að eyða andstæðingum sínum eða flæma þá brott; fyrst snerist hann gegn Önundi en síðan Grundarmönnum. Stórbýlið Grund hlaut að verða miðstöð veldis hans, þar sátu þeir síðar sem ríktu einir í Eyjafirði, Sighvatur Sturluson, Þórður kakali og fleiri.

Þegar höfundur Guðmundarsögu lýsir friðarvilja hans, er það vilji til að koma á héraðsríki og uppræta ófriðinn sem fylgdi fæðardeilum. Þetta er aldrei sagt beinlínis og það er erfitt fyrir lesendur að átta sig á þessu með því einu að lesa söguna. Þeir sem gáfu Guðmundi Fljótamannagoðorð hafa hins vegar að líkindum séð að hverju stefndi og slíkar gjafir goðorða eða afhending til varðveislu verður best skýrt með því að héraðsríki undir stjórn "sterks" manns hafa átt hljómgrunn.¹²

¹² Hrafn Sveinbjarnarson hlaut goðorð (goðorðshluta?) að gjöf vegna "vinsælda" sem merkir víst að keppinautar hans hafa ekki getað keppt við hann um hylli og fylgi bænda. Þótt stórbændum hafi verið í nöp við Guðmund, gerðist hann "fjölmennur" og er sennilegt að smábændur hafi verið hlynnir "sterkum" manni sem gæti komið á

Simpson segir að höfundur Guðmundarsögu virðist hafa verið "höfsamur, friðsamur ... illa við ofbeldi og siferðislega lausung".¹³ Slíkur maður var væntanlega hlynntur "sterkum" manni í héraðsríki sem gæti tryggt frið. Hann hafði vafalítið andúð á fæðardeilum og blóðhefnd svo sem virðist lýsa sér sums staðar í sögu Guðmundar.¹⁴

Þar sem andstæðingar Guðmundar voru ekki almennt undir það búnir að afhenda honum goðorð sín, hlaut að koma til átaka milli þeirra og friðarsinnans. Höfundi sögunnar tekst ekki að skýra þá þversögn að friðarsinninn verður að ryðja andstæðingum sínum úr vegi.

5. Af hverju sat Guðmundur dýri á Bakka í Öxnadal af öllum stöðum? Þetta er ekki stór jörð, 30 hundruð heimajörðin, og virðist vera afskekktur staður fyrir mann sem er að reyna að mynda héraðsríki. Sagan ýtir fremur undir þennan skilning, segir að Guðmundur sæti *uppi í Öxnadal* (185, 187). Þetta er andstætt bústöðum Önundar á Laugalandi og í Lönguhlíð (Skriðu) og annars andstæðings Guðmundar, Þorvarðar goða Þorgeirssonar, sem sat á Möðruvöllum í Hörgárdal. Þessi stórbýli voru vel í sveit sett, einkum hinn auðugi staður, Möðruvellir.

Á Bakka hefur ekki verið annar höfðingi, hvorki fyrir né síðar, svo að vitað sé. Að vísu er ekki vitað hvar forfeður Guðmundar bjuggu og vera má að Bakki hafi verið föðurleifð hans og fleiri jarðir í grennd. En þessi bústaður uppi í Öxnadal virðist ekki hafa verið kjörinn fyrir mann sem stofna vildi héraðsríki.

Af hverju bjó Guðmundur ekki annars staðar? Hann var vafalaust nógu efnaður til að kaupa sér stórbýli miðsvæðis í héraði.¹⁵ Annars skar efnahagur ekki úr um völd manna og áhrif heldur fjöldi þingmanna og fylgi þeirra og Guðmundur var sjálfsagt nógu öflugur til að leggja slíkt stórbýli undir sig eins og Önundur gerði í Lönguhlíð (178). Ríki Guðmundar var auðsæilega helst í Svarfaðardal og í Fljótum (168, 176). Af hverju var hann þá ekki í Svarfaðardal? Hann hefði væntanlega getað náð undir sig staðnum Völlum í dalnum.¹⁶ Það hefur verið hluti af

fríði, sbr. Sverrir Jakobsson, "Þykir mér góður friðurinn". Um íslenska friðarviðleitni á Sturlungaöld. BA ritgerð í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands 1993. Bls. 21-2.

¹³ Tilv. rit, bls. 174.

¹⁴ Sbr. td. ömurlega lýsingu á hryðjuverkum Þorgeirsm alikalrs sem gegndi hefndarhvöt konu sinnar (195-200). Höfundur lætur Orm Breiðbæling gagnrýna framferði Þorgeirsm en lofa Guðmund fyrir að virða sættir, gerð og sektir (200).

¹⁵ Guðmundur mun hafa átt Bakka og Steinastaði/Steinsstaði (171), Hálfdanartungur og Uppsali (171) og líklega Varmavatnshóla í Öxnadal (185) og Myrkárdal (176). Hann greiddi allar sektir refjalaust, þótt væru morð fjár, sem bendir til góðs efnahags en raunar hafa kannski þingmenn hans lagt til með honum og hann lagði líka gjöld á þingmenn andstæðinga sinna. Bróðir hans og bróðursonur nefndust Ásgrímur auðgi og Þorvarður auðgi. Guðmundur hefur kannski erfð þá eða amk. ráðstafað eignum þeirra, fyrst hann fór með goðorð það sem þeir áttu.

¹⁶ Brandur biskup á Hólum virðist hafa verið hlynntur Guðmundi og kemur ekki á óvart að biskup vildi styðja þann sem stefndi að stofnun héraðsríkis og afnámi fæðardeilna.

hernaðarlist Guðmundar að vera fremur á Bakka en úti í Svarfaðardal. Fyrst hann var að keppa við Önund, hefði hann kannski átt að reyna að ná Möðruvöllum í Hörgárdal? Þess er að gæta að hann hélt sig mikið í kaupstaðnum Gásam í mynni Hörgárdals á sumrin, nálægt Möðruvöllum, og gat þar hitt þingmenn sína frá Ólafsfirði og úr Svarfaðardal.

Kenning mín er sú að Guðmundur hafi viljað vera á Bakka einmitt af því að hann var í valdabaráttu og hugðist vera einn goði í Vaðlapingi, eins og Kolbeinn Tumason, bandamaður hans, var einn í Hegranesþingi. Aðalatriði er að Guðmundur hefur sjálfsagt átt ýmissa kosta vöð en valdi samt Bakka. Hann hlaut að geta lært af þeim sem höfðu þegar myndað héraðsríki, samanber td. Oddaverja sem áttu völd sín sennilega mikið því að þakka að Oddi var miðsvæðis og alveg við þjóðleið.¹⁷ Guðmundur gat lítið sér nær, Kolbeinn Tumason sat á Víðimýri í miðju héraði, alveg við almenningsveg um Vatnsskarð. Er þá tímabært að sýna að Bakki var vel í sveit settur fyrir höfðingja í valdabaráttu.

6. Fram kemur í Guðmundarsögu að andstæðingur Guðmundar, Þorgrímur alikarl, tengdasonur og arftaki Önundar, reyndi að loka Guðmundi leið þegar hans var von á heimleið til Bakka um Hörgárdal og Öxnadal. En menn Guðmundar fóru frá Bakka um Skjálgdalsheiði, víst á hestum, og létu hann vita um fyrirsátina. Hann fór síðan sjálfur Skjálgdalsheiði heim (199). Þessi leið virðist hafa verið tíðfarin á þjóðveldistíma og hér virðist hafa legið hin eðlilegasta leið úr Skagafirði um Öxnadalshéiði td. til Grundar í Eyjafirði.¹⁸

Skjálgdalur nefnist núna Skjöldalur og er þar alkunn leið sem liggur á milli Hóla (Hólahóla) eða Þverár í Öxnadal og Miklagarðs eða Möðrufells í Eyjafirði (sjá meðfylgjandi kort). Leiðin nefndist Kambsvegur um 1840 og var almenningsvegur, bæði vetur og sumar.¹⁹ Hér var tíðförligt fram undir 1950 og er sagt að fé framan úr Eyjafirði hafi gengið þessa leið og menn þaðan sótt það í Þverárrétt í Öxnadal og rekið um Þverárdal (Hóladal), Kambsskarð og Skjöldal. Þetta olli óhjákvæmilega samvinnu milli bænda í Öxnadal og Eyjafirði. Hafi slíkt einnig tíðkast á tíma Guðmundar dýra, gaf það honum tilefni til afskipta af málum manna frammi í Eyjafirði.

Það var líka annars konar samgangur þessa leið á seinni öldum, Eyfirðingar fóru til kirkju að Bakka og Öxndælingar til kirkju að

Biskup hefur sjálfsagt verið fús að styðja Guðmund í að ná undir sig stað sem gæti þjónað honum sem miðstöð. Brennan kann þó að hafa breytt afstöðu biskups.

¹⁷ Ég hef sýnt hvornig Oddaverjar notuðu legu stórbýla við þjóðleiðir til að ná öllum völdum í Rangárþingi, sbr. *Gamlar götur og goðavald. Um fornar leiðir og völd Oddaverja í Rangárþingi*. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar 25, 1989).

¹⁸ *Sturlunga saga* (1946) I, bls. 371 (vænst er Skagfirðinga), 469 (Órækja og Sturla Þórðarson á ferð), 518 (Hrafn Oddsson á ferð); II, 190 (Hrafn Oddsson).

¹⁹ *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu* (1972), bls. 144, 152, 159, 177, 203.

Miklagarði.²⁰ Það eru kannski allt að 20 km milli kirkjustaðanna og vel hestfært. Hin leiðin um Akureyri er miklu lengri, þflvegur hátt í 60 km.

Hafi Guðmundur verið að lokka til sín þingmenn frá Önundi og Þorvarði úr röðum bænda frammi í Eyjafirði, var þægilegt fyrir bændurna að geta farið Skjálgdalsheiði, til að finna hann, þurftu þá ekki að koma við hjá hinum til að gera grein fyrir ferðum sínum eða hafa áhyggjur af beinum afskiptum þeirra. Þetta hlýtur að vera aðalatriði.

7. Eyfirðingar sem fóru yfir Öxnadalshéiði hafa kosið að fara þessa leið um Skjálgdalsheiði (Kambsskarð), hvað sem leið veru Guðmundar á Bakka. Með Eyfirðingum er hér átt við Innfirðinga svonefnda, menn frammi í Eyjafirði, og líka menn um miðbik héraðs. Viss vísbending um slíka leið Eyfirðinga er í Glúmu. Segir þar að Víga-Glúmur hafi orðið að rýma hífýli á Þverá (síðar Munka-Þverá) og flust að Þverbrekku í Öxnadal. Hún var rúmlega meðaljörð, rétt vestan við hólana í Öxnadal en Bakki er austan við þá. Glúmur hélt goðorði sínu og starfaði áfram sem goði.²¹ Engin ástæða er til að halda að hann hafi verið algjörlega á nástrái og kemur því staðarval hans á óvart. Samkvæmt Glúmu á hann að hafa fengið fé fyrir hálfu Þverá²² og þess vegna hefði honum átt að vera fært að fá sér sæmilega jörð. Fyrst bjó hann einn vetur á Möðruvöllum í Hörgárdal, með öðrum. Síðan bjó hann tvo vetur í Myrkárdal, 20 hundraða jörð í Hörgárdal. Loks keypti hann Þverbrekkuland, 30 hundraða jörð. Ber víst að skilja svo að hann hafi ekki keypt Myrkárdal og Möðruvelli, hefur því verið að leita fyrir sér um jörð og Þverbrekka loks orðið fyrir valinu.²³

Var Þverbrekka heppileg jörð fyrir goða? Miðað við þarfir goða á 13. öld var gagnlegt að vera í þjóðbraut og víst er að allir þeir sem fóru Öxnadalshéiði hafa farið sem næst um hlað á Þverbrekku. Austan við bæinn greinast leiðir, önnur liggur um Öxnadal en hin um Þverárdal (Hóladal) og Kambsskarð.²⁴

Glúma sýnir að það hafi vakað fyrir þeim sem sögðu söguna að Glúmur yrði í þjóðbraut því að hann reyndi að lokka til sín þá bræður, Eyfirðingana Guðmund ríka á Möðruvöllum og Einar á Þverá, þegar þeir komu niður af Öxnadalshéiði á leið af þingi.²⁵ Yfirvarpið var að hann vildi veita þeim beina og sýna gestrisni en undir bjó að hann hugðist stytta þeim aldur. Á 13. öld var höfðingjum í mun að fá fólk til sín en óvíst er

²⁰ Angantýr H. Hjálmarsson, Frá Möðrufelli til Torfufells. *Ferðafélag Íslands. Árbók 1991* (1991), bls. 135-41.

²¹ *Víga-Glúms saga*. Jónas Kristjánsson gaf út. (Íslenzk fornrit IX, 1956). Bls. 93.

²² Sama heimild, bls. 88.

²³ Sbr. orðalag í sögunni, "bjó" á Möðruvöllum og í Myrkárdal, "keypti" Þverbrekkuland, sama heimild, bls. 90-91.

²⁴ Kolbeinn ungi ætlaði að fara með flokk að Sighvati á Grund og "riðu norður til Þverbrekku". Hér er Þverbrekku lýst sem áningarstað, sbr. *Sturlunga saga I* (1946), bls. 369.

²⁵ Var það alþingi á Þingvöllum eða Hegransþingi?

að þannig hafi verið í tíð Glúms og gildir einu. Þeir sem sögðu sögu Glúms hafa líklega litið þannig á að mikilvægi þverbrekku sem höfðingjaseturs væri fólgið í legunni, rétt við þjóðleið. Þá er ekki einungis átt við leiðina um Öxnadal, virðist sennilegast að þeim bræðrum hafi verið ætluð leið um Kambsskarð og Skjöldal.

Guðmundur hafði alla möguleika á að laða til sín að Bakka þá sem fóru um hjá Hólahólum á leið um Kambsskarð og Öxnadalshéiði. Þverbrekka hefur hins vegar verið verri bústaður fyrir goða sem ætlaði sér líka að halda uppi sambandi við bændur í Hörgárdal.

Hér kemur fram tvennt sem sýnir að búseta í þjóðbraut gat verið mikilvæg höfðingjum. Annað var það að þeim gafst kostur á að sýna gestrisni, veita gestum og gangandi og afla sér þannig vinsælda. Hitt er það að þeim gafst líka kostur á að kúga þá sem fóru um. Höfðingjar fylgdust að sjálf sögðu betur með í þjóðbraut en á afskekktum stöðum, öfluðu fremur fréttu þannig og barst frekar njósn.

8. Gagnsemi af búsetu í þjóðbraut fyrir höfðingja í pólitískri baráttu var háð því að fólk væri eitthvað á ferðinni. Til hvers var ferðast? Stundum heyrir að menn hafi ekki ferðast mikið áður fyrr.²⁶ Guðmundar saga dýra bendir til annars. Þannig segir td. á einum stað, "Þá fór Guðmundur aldri til mannamóta um sumarið og engir hans menn og eigi til leika um veturinn" (185). Getið er um mannamót á Skeiðhólum í Hörgárdal að sumri (183) en ekki kemur fram hvers konar samkoma það var. Um hestapung er getið í Fljótum (183) og má vera að hestum hafi verið att í Skeiðhólum. Um leika að vetri er getið á Bægisá, sunnudag eftir jól, og kemur fram að menn sóttu langt til slíkra samkoma (185). Annars staðar segir, "Guðmundur átti fjölda þingmanna út um Svarfaðardal og náfrændur, og fór hann þannig að heimboðum haust og vor" (176). Gera má ráð fyrir að Guðmundur hafi endurgoldið slík boð og td. haldið kirkjudag á Bakka eins og gert var á Öxnahóli (174) og víðar, svo að dæmi sé tekið. Menn áttu þannig ýmsar árvissar samkomur, sumar fjölsóttar, og má nefna kaupstefnu á Gásum í því sambandi (td. 169, 177) og eins þverárleið (181).

Fram kemur í sögunni að brú var í mynni Öxnadals, nefnd Grænabrú. Önnur var á Glerá (188, 204). Þessar brýr benda til að góðar samgöngur hafi verið taldar mikilvægar og Grænabrú hefur auðveldað mönnum för um Öxnadal og væntanlega laðað suma Hörgdæli að Bakka.

Öxnadalshéiði er meginviðmiðun í Sturlungu, um hana var fremur farið en Hörgárdalsheiði, að því er virðist.²⁷ Sú síðarnefnda liggur milli Norðurárdals og Hörgárdals og um Hörgárdal máttu líka fara

²⁶ Um þetta hef ég fjallað áður, sbr. Sauðafell. Um leiðir og völd í Dölum við lok þjóðveldis *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánssyni* (1991), bls. 95-109, einkum bls. 102-5.

²⁷ Ferðir um Öxnadalshéiði eru nefndar alloft í Sturlungu en um Hörgárdalsheiði þvisvar. Hún þykir torfarin á kafla. Bjarni E. Guðleifsson, Öbygðir umhverfis Þorvaldsdal og Hörgárdal. *Ferðafélag Íslands. Árbók 1990* (1990), bls. 185.

Hjaltadalsheiði til Hóla.²⁸ Guðmundur hafði öruggan fulltrúa til að fylgjast með ferðum manna á þessum slóðum, frænda sinn Söxólf Fornason í Myrkárdal (187-8).²⁹

Skagfirðingar hafa oft átt erindi að Gásum og líklega farið Öxnadalsheiði að jafnaði. Ekki er sýnt að miklu máli hafi skipt fyrir Guðmund að hafa taumhald á ferðum Skagfirðinga vegna pólitískrar baráttu sinnar í Eyjafirði. Þó má nefna að hann hefur verið í færum um að fylgjast með uppivöðslumönnum sem voru óvelkomnir í héraðið.

Hins vegar er ekki ljóst hvaða erindi Eyfirðingar kunni almennt að hafa átt yfir Öxnadalsheiði. Biskupssetrið Hólar hefur dregið einhverja að og hafa þeir sem voru frammi í firði helst farið Skjöldalsheiði og síðan Öxnadalsheiði þangað.³⁰ Einhverjir hafa átt erindi í Hegranes meðan þar var haldið vorþing og jafnvel fjórðungsþing.³¹

Þótt óvíst sé um ferðir Eyfirðinga yfir Öxnadalsheiði, er hitt víst að Guðmundur gat laðað fólk til sín. Hann hefur viljað afla fréttu og láta spyrjast út um eigið ágæti enda mikilvægt í pólitískri baráttu sem snerist mest um virðingu og metorð. Rómuð greiðasemi við gesti og gangandi var líkleg til að laða að þá sem voru á ferðinni.³²

Móttaka aðkomandi snerist ekki aðeins um að afla fréttu og frægðar fyrir gestrisni. Höfðingi sem fann upp á því að leggja niður sóknarþing hefur vafalaust hugsað sér að fá fólk heim til sín til að leysa vanda þess. Hann hefur þurft að kynnað mönnum, koma sér í mál, hafa afskipti.

Aðferð til að fá bændur til að koma til sín var td. sú að hafa á veturvist hjá sér farmann eða farmenn sem höfðu varning að selja. Tvisvar amk. er þess getið að Guðmundur tæki kaupmenn til veturvistar (176, 205). Vel búnar kirkjur höfðingja gátu líklega laðað að; okkur er td. sagt að Jón Loftsson hafi búið kirkjur sínar vel og mönnum gat leikið hugur á að sækja í aðrar sóknir til að hlýða messu svo sem kemur fram í því að Innfirðingar sóttu til kirkju á Bakka á seinni tímum. Þannig kann einnig vel að hafa verið í tíð Guðmundar.³³ Mannamót hafa kannski ekki verið tíð úti við að sumri í Öxnadal en Guðmundi hefur sjálfsagt verið umhugað um að bjóða hús sín á Bakka fyrir leika að vetri.

²⁸ Fjallvegurinn um Hjaltadalsheiði er nefndur einu sinni berum orðum í Sturlungu.

²⁹ Fara mátti hestfæra leið frá Hrauni í Öxnadal um Auðnaháls niður að Myrkárdal. Öundur hafði njósnara á Myrká (187-8). Leið Guðmundar í Svarfaðardal hefur líklega legið um hjá Barká yfir í Skíðadal. Mátti vel fylgjast með ferðum þessa leið frá Öxnahóli en þar var líklega bandamaður Öundur (201, 186, 188). Um leiðirnar sjá Bjarni E. Guðleifsson, tív. rit, bls. 188, 129.

³⁰ Í Jóns sögu helga segir að Jón biskup Ögmundsson hafi ætlast til að hver maður í Skagafirði eða (önnur gerð) allir ferðafærir menn í biskupsdæmi hans kæmu til Hóla amk. einu sinni á ári, *Biskupa sögur I* (1858-), bls. 168, 239.

³¹ Ólafur Lárusson, Nokkrar athugasemdir um fjórðungarþing. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1925-1926* (1926), einkum bls. 14-16.

³² *Gamlar götur og goðavald*, bls. 72-82.

³³ Kirkjurækni Guðmundar er dregin fram í sögu hans, "En dróttinsnóttina var Guðmundur að kirkju sem hann átti vanda til" (207).

Að öllu samanlögðu er ekki ótrúlegt að ófáir Eyfirðingar hafi farið um Skjálgdalsheiði á tíma Guðmundar til að sækja tíðir á Bakka, þiggja heimboð og veislur, stunda þar leika eða eiga viðskipti við kaupmenn, svo að eitthvað sé nefnt. Og mörgum sem lögðu leið sína að Bakka hefur sennilega þótt goðinn sem var voldugastur allra í Vaðlaþinghá öðrum líklegri til að leysa vandræði, amk. þangað til hann virtist kominn í erfiða varnarstöðu, kaus að sitja heima og fara hvorki til leika né mannamóta.

9. Eins og fram er komið ætlaði Guðmundur dýri sér vafalaust líka að ná völdum í Eyjafirði, bæði frammi í Eyjafirði og í sveitum goðanna á Grund og Hrafnagili. Hann beitti nýrri aðferð, stefndi ekki að jöfnuði í samskiptum við aðra höfðingja heldur að endanlegum sigri með því að ryðja þeim úr vegi. Hafi hann viljað fá menn í Eyjafirði heim til sín til að afla sér vinsælda þar frammi og auka áhrif sín, var Bakki betur til þess fallinn en eitthvert góðbýli í Svarfaðardal, hvað þá í Fljótum. Hafi Guðmundur alla tíð stefnt að ítökum í Eyjafirði, er auðséð að hagkvæmt var að búa á Bakka sem lá miðsvæðis milli þeirra héraða þar sem hann hafði traust tök og hinna þar sem hann seildist eftir völdum.

Eftir brennu Önundar sneri Guðmundur sér að Grundarmönnum og gerði Þorlák Ketilsson á Grund brott úr héraði og lét hann jafnframt greiða sektir. Ekki verður séð hvað Þorlákur hafði annað til saka unnið en hýsa óvini Guðmundar. Guðmundur réðst að þeim í virkinu á Grund og yfirbugaði. Sagan segir um Þorlák, "... fór hann suður í Hítardal því að hann átti þar við staðfestu að taka" (209). Þetta breytir því ekki að Guðmundur flæmdi hann brott. Þorlákur (d. 1240) var ungur þegar faðir hans, Grundar-Ketill, dó árið 1173 og mun þá Ólafur í Saurbæ, föðurbróðir hans, hafa farið með goðorð ættarinnar, amk. var hann goðorðsmaður árið 1187. Ólafur er talinn hafa beitt sér fyrir stofnun klausturs í Saurbæ um 1200 og hlýtur að vera sá Ólafur Þorsteinsson kanoki sem dó árið 1204. Er líklegast að Þorlákur hafi tekið við goðorðinu þar sem hann bjó á ættaróðalinu Grund, var orðinn bóndi þar árið 1195.³⁴ Þorlákur sat síðar í virðingu sem goðorðsmaður í Hítardal og á Kolbeinsstöðum, friðsemjandi og málásættir.

Margt hafði breyst um 1200 frá dögum Helgastaðamála 1186-7 og verður nú að rekja mörg nöfn til að skýra sem best fækkun goða og valdasamruna. Í Helgastaðamáli áttust við annars vegar Önundur og Þorvarður Þorgeirsson og með Önundi var Einar Hallsson á Möðruvöllum, þeir áttu goðorð saman. Þessir menn eru horfnir af

³⁴ *Biskupa sögur* I (1858-), bls. 448. Grundarmenn voru í beinan karlegg frá Esphælingum, hinum gömlu óvinum Víga-Glúms á Þverá. Guðmundur dýri mun hafa erfitt hið gamla goðorð Glúms, sem á að hafa búið í Myrkárdal, líklega í eigu Guðmundar síðar, en síðast í Þverbrekku í námunda við Bakka og leitaði þá fylgis meðal manna í Svarfaðardal og Fljótum, samkvæmt Glúmu. Má kannski líta svo á að Guðmundur sé að koma fram síðbúinni hefnd á Esphælingum fyrir illa meðferð á Glúmi. Þeir sem sögðu Glúmu hafa etv. haft þetta í huga, kannski séð hina "sterku menn", Guðmund og Sighvat Sturluson, sem pólitíska arftaka Glúms?

sjónarsviðinu um 1200 og óljóst hvað varð um goðorð þeirra Önundar og Einars en Ögmundur sneis tók við goðorði af Þorvarði föður sínum. Andstæðingar þessara manna í Helgastaðamáli voru Eyjólfur Hallsson á Grenjaðarstöðum í Þingeyjarþingi og með honum Ólafur Þorsteinsson í Saurbæ og Kleppjárn Klængsson á Hrafnagili. Kleppjárn mun hafa átt goðorð.³⁵ Um 1200 voru þeir komnir til leiks Þorlákur á Grund og Hallur Kleppjárnsson á Hrafnagili sem hafði mannaforráð.

Vísbendingar um sterka stöðu Guðmundar í byrjun 13. aldar koma fram í því að Hallur gerðist tengdasonur hans og Ögmundur sneis bandamaður. Kálfur Guttormsson á Auðbrekku í Hörgárdal, kallaður mestur bóndi í Eyjafirði, mægðist Guðmundi og varð ákafur stuðningsmaður hans. Hann tók við Grund, vafalaust að tilstuðlan Guðmundar, og bjó þar. Tveir stórbændur í grennd við Grund voru nátengdir honum.³⁶ Staða Guðmundar hlýtur að hafa verið orðin sterk um miðbik Eyjafjarðar skömmu eftir 1200, þrátt fyrir andúð Innfirðinga.

Eftir brotthvarf Guðmundar í klaustur á Þingeyrum, skömmu eftir 1200, tók við veldinu Þorvaldur sonur hans.³⁷ Fljótlega kom að því að hann gaf öil goðorð sín sem komust brátt í hendur Sighvati Sturlusyni.³⁸

Kálfur Guttormsson á Grund ætlaði sér mikinn hlut. Upp á vinskapið slettist með þeim Halli Kleppjárnssyni, úr varð fæðardeila ("óþokki mikill") og Kálfur taldi sig ekki eiga neinn annan kost en vega Hall og gerði það árið 1212. Kálfur var víst ekki af goðaættum, aðeins bóndi, og gat varla vænst varanlegs stuðnings stórgoðaættanna Ásbirninga, Haukdæla og Svínfellinga. Þrátt fyrir ítök Kálfs og áhrif, er sýnt að Innfirðingar vildu ekki taka við honum til forystumanns.

Sighvatur Sturluson fékk það sögulega hlutverk að fullkomna verk Guðmundar dýra. Kálfur flæmdist brott af Grund og úr héraði, Sighvatur keypti jörðina af Kálfi (260) og ríkti brátt einn í Eyjafirði, enda hafði Kálfur losað hann við Hall. Segir að Kálfur hafi haft samráð við Sighvat um víg Halls (258). Ögmundur sneis lét héraðsvist árið 1209 (254).

Stórbændur í Eyjafirði yfðust í fyrstu við Sighvati. Fremstur í flokki þeirra var Jón Örnólfsson. Bróðir hans bjó í Miklagarði og áttu þeir í útistöðum við Sighvat.³⁹ Árið 1199 hafði sami Jón Örnólfsson

³⁵ Talið hefur verið að þeir hafi átt goðorð saman Kleppjárn og Ólafur en Lúðvík Ingvarsson telur að goðorð Kleppjárns hafi verið þingeyskt, sbr. *Goðorð og goðorðsmenn* III (1987), bls. 462-4, 608-10.

³⁶ Jón í Möðrufelli varð mágur Kálfs, sonur Eyjólfss Hallssonar á Grenjaðarstöðum. Á Gnúpuvellum bjó Þorbjörn klukkunef, móðurbróðir Kálfs.

³⁷ Hæpið er að Guðmundur hafi gengið í klaustur aðeins vegna þess að hann hafi iðrast brennunna; má benda á að goðarnir Þorvarður Þorgeirsson og Ólafur Þorsteinsson gengu báðir í klaustur um svipað leyti og Guðmundur. Þetta var etv. "úska". Guðmundur ætlaði Þorvaldi syni sínum sennilega mikið hlutverk (sbr. 211) og hefur því kannski talið tímabært að draga sig í hlé.

³⁸ Þorvaldur gaf þau Sigurði Örmssyni af ætt Svínfellinga, Sigurður gaf Tuma Sighvatssyni barnungum goðorðin og þar með fékk þau Sighvatur, faðir hans.

³⁹ Jón var faðir Halls á Möðruvöllum; þeir Hallur og Örnólfur í Miklagarði voru bræðrasynir og tveir af þremur helstu foringjum eyfirskra bænda árið 1255.

búið í Miklagarði, en fluttist síðar að Möðruvöllum í Eyjafirði (fyrir 1215), etv. vegna þess að Kálfur Guttormsson hafði flust frá Auðbrekku að Grund (205, 260).

Athyglisvert er að eyfirsku stórbændurnir stóðu sameinaðir gegn Guðmundi dýra, eins og þeir voru saman gegn Sighvati síðar. Þorgrímur alikarl, tengdasonur Önundar, tók upp merki hans. Eyfirskir bændur frammi í firði studdu Þorgrím ákaft (204) og eins Þorstein Jónsson Oddaverja sem kom norður til að hjálpa Þorgrími gegn Guðmundi. Við komu sína norður árið 1199 settist Þorsteinn að hjá Jóni í Miklagarði og var þar fyrst en síðan með Þorgrími á Grund, hjá Þorláki Ketilssyni. Innfirðingar drifu til Þorsteins í flokkum og er það skýr vísbending um andúð þeirra á Guðmundi (205, 208).

Þetta ber líklega að túlka þannig að Innfirðingar, amk. stórbændur, hafi ekki kært sig um einn "sterkan" mann eins og Guðmund dýra eða arftaka hans, Sighvat Sturluson. Þeir hafa kosið það ástand sem var þegar margir smágoðar fóru með völd, þeir Önundur og Einar, Þorvarður, Ólafur og Kleppjárn, auk Guðmundar sem tók við goðorði af Jóni og Ásgrími í Fljótum. Allir munu þessir átta goðar hafa sótt vörping á Vöðlum. Er auðséð að slík valldreifing veitti stórbændum marga kosti til afskipta af málum goðanna. Í þessum viðbrögðum stórbænda við Guðmundi dýra og Sighvati birtist bændapólitík sem mun hafa verið tekin upp að nýju, í breyttri mynd, um 1255.⁴⁰

10. Guðmundur dýri lagði grunninn að héraðsríki í Eyjafirði. Hann afnam vörping (sóknarþing), brenndi inni Önund Þorkelsson og flæmdi burt þá Þorstein Jónsson og Þorlák Ketilsson. Hann dró allan mátt úr Þorgrími alikarli og gerði þá að bandamönnum sínum Ögmund sneis og Hall Kleppjárnsson. Að svo gjörðu kaus hann að setjast í helgan stein, þóttist kannski hafa unnið vel og búið ágætlega í haginn fyrir Þorvald, son sinn, og röskasta liðsmann sinn, Kálf Guttormsson.

Saga Guðmundar skýrir ekki tilgang hans né baráttuaðferðir, samkvæmt sögunni var hann aðeins friðsamur og seinþreyttur höfðingi uppi í Öxnadal sem varð fyrir stöðugu áreiti ósvífins andstæðings.⁴¹ Hér hefur verið leitast við að sýna að þessi túlkun í sögunni sé röng, Guðmundur ætlaði sér mikinn hlut. Búseta hans á Bakka gefur vísbendingu um hvað hann var að hugsa, þarna var hann í stöðu til að glíma við báða í senn, andstæðinga í Hörgárdal og frammi í Eyjafirði.

⁴⁰ Helgi Þorláksson, Stórbændur gegn goðum. *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni* (1979), bls. 227-50. Sami, Stéttir, auður og völd á 12. og 13. öld. *Saga* XX (1982), bls. 63-113.

⁴¹ Eins skýrir höfundur Hrafnssögu átök þeirra Hrafn og Þorvalds Vatnsfirðings með ofsa Þorvalds, óbilgími hans og slæð. Lesendum getur þó varla dulist að átökin voru pólitísk, bitist var um þingmenn og niðurstaðan var sú að sett voru mörk milli yfirráðasvæða Vatnsfirðinga og Seidæla, möo. héraðsríki mynduðust.

